

Sp. 19. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]
um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Í því skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignarréttar og erfðaréttar.

Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

G r e i n a r g e r ð .

Þróun síðari ára hvað snertir óvígða sambúð og réttarstaða þeirra, sem hana kjósa, hefur sýnt fram á nauðsyn þess, að brýn þörf er á að ítarleg könnun fari fram á því, hvernig löggjafinn getur best tryggt hagsmunum, réttindi og skyldur þeirra aðila, sem velja slíkt sambúðarform, ekki sist með tilliti til eignar- og erfðaréttar.

Fjallað hefur verið um þetta mál af Sambandi Alþýðuflokkskvenna, og hefur samstarfshópur á vegum sambandsins skilað álitssgerð, þar sem ljóslega kemur fram hve brýnt er að slík könnun fari fram og í kjölfar þess að löggjafinn grípi inn í þar sem þurfa þykir.

Í álitssgerð Sambands Alþýðuflokkskvenna segir m. a.:

„Í ljósi þróunar siðari ára varðandi óvígða sambúð — og þess hve margir kjósa slíkt sambúðarform — verður það æ brýnna að réttindi aðila í slíku sambúðarformi séu tryggð, ekki síst með tilliti til efnahagslegrar réttarstöðu.

Þær tölulegu staðreyndir, sem fyrir liggja um óvígða sambúð, renna stóðum undir þetta álit, en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands er vitað að um 4000 manns eru í óvígðri sambúð.

Helstu lög, sem tryggja eiga réttindi og skyldur í hjúskap, eru lögin um stofnun og slit hjúskapar og lögin um réttindi og skyldur hjóna, en þessi lög ná ekki til fólks í óvígðri sambúð og hefur löggjafinn enn sem komið er ekki séð ástæðu til sérstakrar lögverndar slíks sambúðarforms.

Fyrst og fremst einkennist því efnahagsleg réttarstaða ógifts fólks í sambúð af öryggisleysi, sem hlýtur að verða að gefa gaum og löggjafinn verður að grípa inn í á þeim sviðum sem brýnust eru.

Auk hinnar efnahagslegu réttarstöðu ógifts fólks í sambúð verður að huga sérstaklega að erfðaréttindum. — Þeir, sem húa í óvígðri sambúð, eiga ekki gagnkvæman erfðarétt og ekki rétt til að sitja í óskiptu húi. — Erfðarétturinn verður í þessum tilfellum að vera tryggður í erfðaskrá. — Í þessu sambandi er gagnlegt að skoða einnig þann þátt er snýr að erfðaskattslögunum, að ef aðilar í óvígðri sambúð arfleiða hvor annan lendir hinn arfleiddi í að greiða hæsta erfðaskatt vegna „óskyldleika“.

Heyrst hafa þær raddir, að sýna beri vissa íhaldssemi hvað varðar löggjöf um óvígða sambúð. Þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þeirri skoðun, eru að líkindum þau, að hlutaðeigandi séu fullorðnar sjálfstæðar manneskjur, sem hafi valið sitt sambúðarform með það í huga að réttindi og skyldur þeirra eigi að vera óháðar hjúskaparstétt og aðeins bundnar almennum lögum.

Og enn aðrir álíta að sérstök löggjöf um óvígða sambúð eigi að vera valkostur, en ekki skylda, sem þeir, sem húa í óvígðri sambúð, verði að gangast undir.

Nauðsynlegt er því, ef setja á lög eða reglur um óvígða sambúð, að hafa sjónarmið þeirra í huga sem velja sér slíkt sambúðarform, þó óhjákvæmilegt hljóti að vera að lögvernda efnahagslega réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Hvað snertir réttindi og skyldur gagnvart hinu opinbera (t. d. skatta og tryggingamál) hefur því verið haldið fram, að vinna eigi að sem mestu jafnræði milli hjónabands og óvígðrar sambúðar.

Ástæða fyrir réttarfarslegu jafnræði er sú, að bæði sambúðarformin hafa sama þjóðfélagshlutverki að gegna, sérstaklega þegar um börn er að ræða. Því skulu þau hafa sama rétt gagnvart lögum.

Þegar réttarstaða fólks í óvígðri sambúð er skoðuð í heild sinni er því óhjákvæmilegt að hún feli í sér viss réttindi sem tryggi öryggi í slíkri sambúð og þá jafnframt einnig skyldur. Þá hlýtur að vakna sú spurning, hvar draga eigi mörkin milli sjálfstæðis einstaklinganna annars vegar og hins vegar þess, að sameiginlegir hagsmunir þeirra séu tryggðir.

Lög og reglur eru mismunandi og fer það eftir því, hvaða svið (skattar, tryggingar, erfðir, fjármál fólks í óvígðri sambúð) er tekið.

Því má ætla, að heppilegra væri að í stað allsherjarlöggjafar fyrir óvígða sambúð verði að taka fyrir hvert réttarsvið fyrir sig og sníða nauðsynlegustu atriði í slíkri sambúð að nógildandi lögum þar sem því verður við komið.

Grundvallaratriðin, sem nauðsynlegt er að tryggja í slíkri sambúð, mundu efalítið þurfa að taka til meðlagsskyldu/framfærsluskyldu, reglna um sameiginlega eign og reglna um arf og skipti hús.

Ber því að skoða sérstaklega hvort ekki sé heppilegra að gera breytingar á gildandi lögum á afmörkuðum sviðum, þar sem þeirra er þörf, heldur en að stefna að umfangsmikilli löggjöf.

Verður að telja grundvallaratriði, að nauðsynlegur undanfari þess að aflétta því réttarfarslega öryggisleysi, sem ríkir hjá fólki í óvígðri sambúð, sé sá, að gaumgæfilega sé kannað hvar og hvernig réttindamálum þeirra verður best fyrir komið.

Óhjákvæmilegt hlýtur einnig að vera að taka afstöðu til hvað það er, sem ákveði hvort um sambúð sé að ræða sem eigi að veita þau réttindi sem hér hefur verið vikið að.

Verður varla hjá því komist að slíkt verði gert með tilkynningaskyldu eða skráningu sambúðar sem báðir aðilar standi að.

Gæti því verið um val að ræða hjá fólki í óvígðri sambúð — þar sem annars vegar væri um að ræða óbreytt ástand, en hins vegar skráningu óvígðrar sambúðar sem fylgdi efnahagslegt og réttarfarslegt öryggi. Væri slík skráning ekki fyrir hendi hlyti það að skapa vandræði, t. d. ef sambúð hefur staðið mjög stutt og annar hvor aðilinn ætti mun meiri eignir en hinn, auk þess sem skilgreining á hugtakinu sambúð yrði að vera skýr og ótvíræð þegar um aukinn lagalegan rétt væri að ræða.“

Hér lýkur tilvitnun í álitgerð Sambands Alþýðuflokkskvenna og telur flm. ekki nauðsyn á ítarlegri greinargerð um þessa þáttill., þar sem í álitgerðinni koma fram þau grundvallaratriði sem sýna fram á nauðsyn þess sem þáttill. gerir ráð fyrir.